



Borgarráð

Reykjavík, 23. mars 2026

MSS26030066

Tillögur vegna aðalfundar Strætó bs. 2026

Boðað hefur verið til ársfundar Strætó bs. fimmtudaginn 26. mars 2026 kl. 15.00 í safnaðarheimilinu Borgum, Kópavogi. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Strætó bs:

- Ársreikningur 2025 lagður fram til samþykktar.

Lagt er til að framangreind tillaga verði samþykkt.

Ekki kemur til kosningu í stjórn Strætó en í stofnsamningi félagsins segir: „*Stjórn byggðasamlagsins er skipuð sjö mönnum, einum frá hverju sveitarfélagi og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitastjórnar.*”

Málið er trúnaðarmál fram yfir ársfund Strætó sem haldinn verður 26. mars 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Ársreikningur Strætó bs.
Fundaboð ársfundar

Strætó

Ársreikningur
2025



Strætó bs.
kt. 500501-3160
Hesthás 14
110 Reykjavík

Strætó

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2-5
Áritun óháðs endurskoðanda.....	6-7
Rekstrarreikningur.....	8
Efnahagsreikningur.....	9-10
Sjóðstreymisyfirlit.....	11
Skýringar.....	12-18
Óendurskoðað fylgiskjal	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	19-25

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó bs. er í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem annast almenningssamgöngur á svæðinu. Ársreikningur Strætó bs. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningi er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Eigendur og stjórn

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurborg	60.3%
Kópavogsbær	14.6%
Hafnarfjarðarbær	12.5%
Garðabær	6.24%
Mosfellsbær	4.07%
Seltjarnarnesbær	2.29%

Kynjahlutfall er í samræmi við lagakröfur sem segja að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins sé ekki lægra en 40%.

Rekstur ársins 2025

Rekstrarhagnaður Strætó bs. á árinu 2025 var 12 m.kr., sem er lakari niðurstaða en árið á undan þegar hagnaður nam um 204 m.kr. Helstu skýringar á þessari þróun liggja í breytingum á umfangi þjónustu, tímasetningu þjónustuaukningar, breyttri samsetningu tekna og hækkun kostnaðar vegna aðkeypts aksturs.

Rekstrartekjur jukust milli ára en voru undir áætlun. Fargjaldtekjur og aðrar tekjur tóku mið af auknu þjónustuframboði á síðari hluta ársins, en þar sem þjónustuaukningu var frestað frá upphafi árs til ágúst urðu tekjur lægri en áætlað hafði verið. Framlag frá eigendum lækkaði milli ára og var undir áætlun, einkum vegna þess að eigendur ráðstöfuðu hluta framlaga samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Strætó til stofnfjár í nýtt félag um almenningssamgöngur. Eigendur fara með 66,7% eignarhlut í félaginu og lögðu til samsvarandi hlut í stofnfé þess, sem skýrir að stærstum hluta frávik milli raun og áætlunar, en einnig hafði frestun þjónustuaukningar áhrif á framlagið. Framlag frá ríkinu var hins vegar hærra en árið áður og tengist aukinni aðkomu ríkisins að uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli samgöngusáttmálans og þeirri framtíðarsýn sem þar er mörkuð um þróun samgangna til lengri tíma. Framlag ríkisins var þó undir áætlun, meðal annars vegna tafa á innleiðingu fyrirhugaðra breytinga.

Rekstrargjöld hækkuðu milli ára í takt við aukið þjónustuframboð á síðari hluta ársins. Launakostnaður, rekstur vagna og kostnaður vegna aðkeypts aksturs jukust, en heildargjöld voru engu að síður lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun þar sem þjónustuaukningin kom síðar til framkvæmda en áætlað var.

Á árinu 2025 komu að fullu fram áhrif nýs samnings um aðkeyptan akstur, sem byggir á útboði frá haustinu 2024 og felur í sér hærra einingaverð en áður. Sá kostnaðarauki hefur veruleg áhrif á rekstur ársins og vegur þungt í samanburði milli ára.

Rekstrarniðurstaðan mótast því annars vegar af auknu umfangi þjónustu og hins vegar af breyttri tekju- og kostnaðarsamsetningu á árinu.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Strætó var 238 á árinu 2025 (2024: 236 stöðugildi).

Fjárhagsstaða

Heildareignir Strætó námu 3.090 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 3.052 m.kr. árið áður. Engar fjárfestingar voru í vögnum á árinu og fjárfestingar í heild takmarkaðar, meðal annars í ljósi fyrirhugaðra breytinga á rekstri á næstu árum.

Veltufjármunir hækkuðu og lausafjárstaða batnaði. Handbært fé jókst verulega, sem skýrist meðal annars af takmörkuðum fjárfestingum á árinu. Á sama tíma hækkuðu skammtímaskuldir, einkum viðskiptaskuldir, sem rekja má til aukins umfangs starfsemi og hærri rekstrarkostnaðar á síðari hluta ársins.

Helstu þættir í starfsemi Strætó 2025

Frá og með 17. ágúst 2025 tók gildi umfangsmikil þjónustuaukning í leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar voru hluti af Samgöngusáttmálanum og rekstraráætlun félagsins og markmiðið var að bæta aðgengi, auka tíðni og styrkja almenningssamgöngur sem raunhæfan valkost við einkabílinn.

Með breytingunum var tíðni aukin á helstu leiðum á annatíma og utan annatíma, auk þess sem þjónustutími á kvöldin var lengdur á fjölda leiða.

Einnig voru gerðar breytingar á leiðakerfi með það að markmiði að bæta flæði, samhæfingu og áreiðanleika þjónustunnar, meðal annars vegna nýrra forgangsakreina, breytts þjónustufyrirkomulags og aðlögunar að framkvæmdum á svæðinu. Markmið breytinganna var að auka notkun almenningssamgangna, bæta aðgengi íbúa að samgöngum með góðri tíðni og draga úr umferð með auknum valkostum við einkabílinn.

Þjónustuaukningin er liður í undirbúningi fyrir Nýs leiðarnets og aðlögun að framtíðarfyrirkomulagi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Frá og með 1. júní 2025 var hætt að taka við reiðufé um borð í vögnum Strætó. Með breytingunni voru greiðslur færðar alfarið yfir í snertilausar og rafrænar lausnir. Markmið breytingarinnar var að einfalda greiðsluferli, bæta flæði farþega og auka öryggi starfsfólks og notenda.

Á sama tíma hefur greiðslumöguleikum verið fjölgað og eru snertilausar greiðslur og rafrænar lausnir nú meginleið við greiðslu fargjalda.

Í byrjun árs 2025 hóf Strætó að leggja fargjaldaálag á farþega sem ekki geta sýnt fram á gilt fargjald við eftirlit, á grundvelli laga nr. 28/2017 og reglna nr. 1021/2023.

Innleiðing fargjaldaálags er liður í því að stuðla að jafnræði meðal farþega, draga úr miðalausum ferðum og tryggja sanngjarna þátttöku í fjármögnun almenningssamgangna.

Megináhætta og óvissuþættir

Strætó bs. starfar samkvæmt heildstæðu áhættustýringarkerfi sem felur í sér reglulega greiningu, mat og viðbrögð við helstu áhættuþáttum í starfsemi félagsins. Stjórn og framkvæmdastjórn fara árlega yfir heildstætt áhættumat og uppfæra það eftir þörfum.

Helstu áhættuþættir félagsins tengjast rekstri, fjármögnun og ytri aðstæðum. Rekstraráhætta felst meðal annars í truflunum á þjónustu, stöðu og viðhaldi vagnaflota, tæknilegum áskorunum og mönnun. Aldur vagnaflota er orðinn hár og felur í sér aukna rekstraráhættu, meðal annars vegna hækkanði viðhaldskostnaðar, aukinna bilana og mögulegra áhrifa á áreiðanleika þjónustu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir verulegri endurnýjun flotans á komandi árum eykst mikilvægi markvissrar viðhaldsstefnu og reglubundins ástandseftirlits til að tryggja rekstraröryggi og samfellu í þjónustu. Til að bregðast við þessari stöðu var umfang aksturs Strætó endurskoðað í lok árs 2025 og ákveðið að draga úr akstri, sem kom til framkvæmda í janúar 2026. Sú aðgerð miðar að því að draga úr álagi á vagnaflota og minnka rekstraráhættu þar til forsendur skapast fyrir frekari endurnýjun.

Fjárhagsleg áhætta tengist sveiflum í tekjum, breytingum á framlögum eigenda og kostnaðarþróun, meðal annars vegna launahækkana, viðhalds og orkuverðs. Rekstur félagsins er að verulegu leyti háður framlögum sveitarfélaga og opinberum fjárveitingum og getur óvissa um fjármögnun haft áhrif á þjónustustig og fjárhagsstöðu.

Löggjafar- og reglugerðaráhætta felst í mögulegum breytingum á laga- og reglugerðaumhverfi almenningssamgangna, þar á meðal kröfum um öryggi og umhverfismál. Markaðsáhætta tengist breyttum ferðavenjum almennings og samkeppni frá öðrum samgöngumátum.

Breytt verkaskipting í almenningssamgöngum frá árinu 2026 felur í sér óvissu um framtíðarrekstrarfyrirkomulag og tekjustrúktúr félagsins.

Áhrif ytra umhverfis á starfsemi Strætó

Starfsemi Strætó mótast að verulegu leyti af ytri aðstæðum, þar á meðal þróun samgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu, efnahagsumhverfi og opinberri stefnumótun í samgöngu- og loftslagsmálum.

Umferð á höfuðborgarsvæðinu hefur áfram áhrif á daglegan rekstur, sérstaklega á álagstímum þar sem tafir og lengri ferðatími geta haft áhrif á áreiðanleika þjónustu. Framkvæmdir og breytingar á gatnakerfi, þar á meðal vegna uppbyggingar Borgarlínu, hafa einnig áhrif á rekstrarskilyrði og krefjast aðlögunar í leiðakerfi og akstri.

Efnahagslegir þættir á borð við þróun launakostnaðar, orkuverð og verðlag aðfanga hafa bein áhrif á rekstrarkostnað félagsins. Þar sem fjárfestingar í nýjum vögnum eru takmarkaðar á komandi árum, eykst mikilvægi markvissrar nýtingar og viðhalds núverandi vagnafloata til að tryggja stöðugan rekstur.

Orkuskipti í almenningssamgöngum og auknar kröfur um umhverfisvænan rekstur eru hluti af stefnu stjórnvalda og eigenda. Slík þróun hefur áhrif á rekstrarumhverfi félagsins, meðal annars hvað varðar tæknilegar kröfur og innviði, þó að megináhersla Strætó á komandi árum verði að tryggja rekstraröryggi og samfellu í þjónustu.

Rekstrarhæfi

Við gerð ársreikningsins er gengið út frá rekstrarhæfi Strætó bs. Rekstur félagsins er að verulegu leyti fjármagnaður með framlögum eigenda og opinberum framlögum. Með hliðsjón af rekstrarniðurstöðu ársins, lausafjárstöðu í árslok og fyrirliggjandi forsendum um áframhaldandi fjármögnun er það mat stjórnar að ekki séu fyrir hendi vísbendingar sem gefi tilefni til annars við gerð reikningsskilanna.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá og með 1. janúar 2026 tók gildi breytt verkaskipting í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu þar sem stefnumótun, leiðakerfi og tekjuöflun færast til nýs félags. Strætó bs. annast akstur og framkvæmd þjónustu samkvæmt samningum.

Í janúar 2026 var dregið úr umfangi aksturs í ljósi aldurs og ástands vagnafloata, með það að markmiði að draga úr rekstraráhættu og tryggja samfellu í þjónustu.

Atburðirnir hafa ekki áhrif á ársreikning 2025.

Framtíðarhorfur

Með breyttri verkaskiptingu í almenningssamgöngum frá árinu 2026 breytist hlutverk Strætó bs. í framkvæmdaraðila sem annast akstur samkvæmt samningum, á meðan stefnumótun og skipulag færast til nýs félags.

Gert er ráð fyrir að Strætó starfi áfram á þessu fyrirkomulagi næstu ár, á meðan undirbúningur að nýju útboði fer fram. Núverandi akstursfyrirkomulag og samningar gilda til lok árs 2028, en í kjölfar þess mun hið nýja félag hafa umsjón með útboði og framtíðarfyrirkomulagi rekstrar.

Á þessu tímabili verður megináhersla lögð á að tryggja stöðugan og áreiðanlegan rekstur. Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum í nýjum vögnum og því mun rekstur næstu ára byggjast á nýtingu og viðhaldi núverandi vagnafloata. Aldur flotans og aukinn viðhaldskostnaður skapa áskoranir sem krefjast markvissrar forgangsröðunar.

Mannauður verður jafnframt lykilaþáttur í að tryggja samfellu í þjónustu. Óvissa um framtíðarfyrirkomulag getur haft áhrif á starfsöryggi og starfsánægju, og verður því lögð sérstök áhersla á upplýsingagjöf, stöðugleika og faglega stjórn mannauðsmála á komandi árum.

Markmið stjórnar og framkvæmdastjórnar er að tryggja öruggan og áreiðanlegan rekstur á meðan starfsemi Strætó stendur yfir og stuðla að skipulegri og ábyrgri yfirfærslu verkefna til hins nýja félags þegar þar að kemur.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Það er álit stjórnar Strætó að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samlagsins, komi fram í ársreikning.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins 31. desember 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2026

Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið“) fyrir árið 2025 að undanskilinni skýrslu stjórnar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka m.a til skýrslu stjórnar og ófjárhagslegra upplýsinga sem fylgir ársreikningi sem og upplýsinga í ársskýrslu. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlit á efni þessara upplýsinga og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort slíkar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim sé að finna verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringa þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álitum okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 20. mars 2026

Bjarni Már Jóhannesson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		2025	2024	2025
Rekstrartekjur	3			
Fargjöld		2.363.949	2.184.831	2.463.814
Rekstrarframlög eignaraðila	16	5.384.216	6.468.783	6.386.440
Ríkisframlag		2.651.928	906.000	3.145.560
Pant akstursþjónusta.....	17	2.051.071	1.822.158	1.957.314
Aðrar tekjur	18	548.144	481.491	439.338
Rekstrartekjur samtals		<u>12.999.307</u>	<u>11.863.263</u>	<u>14.392.467</u>
Rekstrargjöld	4			
Laun og launatengd gjöld.....	19	3.586.515	3.441.647	3.807.926
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur	20	6.112.225	5.268.157	7.365.497
Pant akstursþjónusta.....	17	2.051.071	1.822.158	1.957.314
Annar rekstrarkostnaður	21	884.681	768.967	776.559
Rekstrargjöld samtals		<u>12.634.492</u>	<u>11.300.929</u>	<u>13.907.297</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....		<u>364.816</u>	<u>562.334</u>	<u>485.169</u>
Afskriftir	7,22	(256.034)	(245.276)	(228.005)
Rekstrarniðurstaða (EBIT).....		<u>108.782</u>	<u>317.057</u>	<u>257.164</u>
Vaxtatekjur.....		4.819	9.443	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(101.543)	(122.938)	(155.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(96.724)</u>	<u>(113.495)</u>	<u>(155.000)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u><u>12.057</u></u>	<u><u>203.562</u></u>	<u><u>102.164</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12 2025	31.12 2024
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Ójafnað tap.....		(1.048.782)	(1.060.839)
Eigið fé samtals	25	<u>(148.764)</u>	<u>(160.822)</u>
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding.....	13,26	<u>200.580</u>	<u>244.375</u>
Skuldbindingar samtals		<u>200.580</u>	<u>244.375</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		<u>1.479.920</u>	<u>1.563.340</u>
Langtímaskuldir samtals	14,27	<u>1.479.920</u>	<u>1.563.340</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		840.649	690.088
Skuld við tengda aðila.....		6.603	6.258
Næsta árs afborganir langtímalána.....	27	127.862	121.251
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindinga.....	26	17.667	20.553
Fyrirfram innheimtar tekjur		14.242	16.837
Aðrar skammtímaskuldir		<u>551.215</u>	<u>550.212</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.558.238</u>	<u>1.405.199</u>
Skuldir samtals		<u>3.238.738</u>	<u>3.212.914</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.089.974</u></u>	<u><u>3.052.093</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		12.057	203.562
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	7	256.034	245.276
Verðbætur og gengismunur.....		41.600	53.578
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	26	(17.159)	11.858
Veltufé frá rekstri		<u>292.532</u>	<u>514.274</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		(12.245)	3.424
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		28.795	74.014
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		119.791	(319.622)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting.....		27.883	27.883
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		<u>164.224</u>	<u>(214.301)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>456.757</u>	<u>299.973</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	22	(62.066)	(195.003)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(62.066)</u>	<u>(195.003)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	27		
Afborganir langtímalána.....		(118.409)	(107.891)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(118.409)</u>	<u>(107.891)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		276.282	(2.921)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>367.430</u>	<u>370.350</u>
Handbært fé í lok tímabils.....	12	<u>643.712</u>	<u>367.430</u>

Skýringar með ársreikningi

1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Lögheimili samlagsins er að Hesthálsi 14, 110 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Reikningsskilaaðferðir

3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

Hagnaður eða tap á sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikningi á meðal rekstrartekna eða - gjalda, eftir því sem við á.

4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok árs. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

6. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrymun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar með ársreikningi

7. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði.

Strætisvagnar og önnur ökutæki	10-13 ár
Áhöld og tæki	3-10 ár
Hugbúnaður	5-7 ár

8. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

9. Niðurfærsla krafna

Viðskiptakröfur eru metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna er færð í rekstrarreikning.

10. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð , samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærast á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærast á 20 árum frá 1.júlí 2017 að telja.

11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

12. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

13. Skuldbinding

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Strætó er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi samkvæmt útreikningi Brú lífeyrissjóðs, þá í samræmi við samþykktir sjóðsins. Breyting á skuldbindingu er færð í rekstrarreikning. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eru færðar meðal skammtímaskulda. Sjá nánar í skýringu nr. 26.

14. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok árs eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

Skýringar með ársreikningi

15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

16. Rekstrarframlög eignaraðila

	2025	2024
Rekstrarframlög eignaraðila	5.384.216	6.049.506
Niðurgreiðsla farmiða aldraða og öryrkja	0	156.139
Niðurgreiðsla nemakorta	0	263.138
	<u>5.384.216</u>	<u>6.468.783</u>

17. Pant akstursþjónusta

	2025	2024
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga	1.939.320	1.663.445
Fargjöld notenda	111.751	158.714
	<u>2.051.071</u>	<u>1.822.158</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur	2.051.071	1.822.158
	<u>2.051.071</u>	<u>1.822.158</u>

Pant akstursþjónusta er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða. Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur beinn kostnaður við akstur, að frádregnum fargjöldum notenda er greiddur af sveitarfélögum.

18. Aðrar tekjur

	2025	2024
Þóknun - Pant akstursþjónusta	234.785	217.688
Þóknun - landsbyggðin	110.400	110.400
Aðrar tekjur	202.958	153.403
	<u>548.144</u>	<u>481.491</u>

Skýringar með ársreikningi

19. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	2.859.648	2.751.263
Launatengd gjöld	706.362	675.147
	<u>3.566.010</u>	<u>3.426.411</u>
Breyting áfallins orlofs	37.664	3.378
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	(17.159)	11.858
	<u>3.586.515</u>	<u>3.441.647</u>

Fjöldi stöðugilda að meðaltali 238 236

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 50,9 m.kr. á árinu (2024: 44,4 m.kr)). Í lok ársins störfuðu 277 starfsmenn hjá Strætó bs.

20. Rekstur vagna og aðkeyptur akstur

	2025	2024
Aðkeyptur akstur	5.209.378	4.373.213
Viðhalds og viðgerðakostnaður	280.806	262.302
Orkugjafar	378.970	412.450
Annar rekstrarkostnaður vagna	243.071	220.192
	<u>6.112.225</u>	<u>5.268.157</u>

21. Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Skrifstofu- stjórnunarkostnaður	368.165	287.894
Sölu og kynningarkostnaður	77.970	64.214
Rekstur tölvubúnaðar	249.311	242.607
Húsnæðiskostnaður	189.236	174.252
	<u>884.681</u>	<u>768.967</u>

Þóknun til endurskoðenda ársreiknings félagsins nam kr 3,8 m.kr. og innri endurskoðenda 5,4 m.kr.

22. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2025	4.107.915	545.530	507.998	5.161.443
Afskrifað áður	(2.841.652)	(408.346)	(270.485)	(3.520.483)
Bókfært verð 1.1 2025	1.266.263	137.184	237.513	1.640.960
Viðbót	0	24.097	37.969	62.066
Afskrift	(161.601)	(35.695)	(58.738)	(256.034)
Bókfært verð 31.12 2025	1.104.662	125.586	216.744	1.446.992
Afskriftahlutföll	8-13%	10-33%	14-20%	

Vátryggingarverð tækja og áhalda nam 300 m.kr. í lok árs.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna og annara ökutækja er samtals um 1.480 m.kr.

Skýringar með ársreikningi

23. Birgðir

	31.12 2025	31.12 2024
Olía	12.592	6.554
Varahlutir	101.380	95.173
	<u>113.972</u>	<u>101.727</u>
Vátryggingaverðmæti birgða	138.804	135.000

24. Viðskiptakröfur

	31.12 2025	31.12 2024
Viðskiptakröfur	34.323	32.681
Viðskiptakröfur - Pant akstursþjónusta	23.618	31.925
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.023)	(2.023)
	<u>55.917</u>	<u>62.583</u>

25. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1 2025	900.018	(1.060.839)	(160.822)
Rekstrarniðurstaða ársins		12.057	12.057
Staða 31.12 2025	<u>900.018</u>	<u>(1.048.782)</u>	<u>(148.758)</u>

26. Lífeyrisskuldbinding vegna Brúar lífeyrissjóðar

Áætluð áfallin lífeyrisskuldbinding er tilkomin vegna breytinga á samþykktum A og V deildar Brúar lífeyrissjóðs 2023 og nam 218 m.kr. í árslok 2025. Mánaðarleg innheimta hófst í janúar 2024 og verður til næstu áratuga eða þangað til þessi hópur hættir á lífeyri.

Skuldbindingin greinist þannig:

	31.12 2025
Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs.	264.929
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu	(17.159)
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(29.523)
	<u>Lífeyrisskuldbinding í árslok</u>
	<u>218.247</u>
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	17.667
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	200.580
	<u>218.247</u>
Áætluð þátttaka í greiðslu lífeyris eftir tímabilum:	
Til greiðslu árin 2026-2030	80.241
Til greiðslu árin 2031-2035	59.921
Til greiðslu árin 2036-2040	40.805
Til greiðslu árin 2041 og síðar	37.280
	<u>218.247</u>

Skýringar með ársreikningi

27. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs	1.141.242	543.349	1.684.591
Afborgun ársins	(53.524)	(64.885)	(118.409)
Verðbætur og afföll ársins	41.600		41.600
	1.129.318	478.464	1.607.782
Næsta árs afborgun	(55.434)	(72.428)	(127.862)
	1.073.884	406.036	1.479.920

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

Árið 2026	127.862
Árið 2027	62.122
Árið 2028	256.756
Árið 2029	257.443
Árið 2030	58.148
Síðar	845.451
	<u>1.607.782</u>

28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var undirritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. um stuðning ríkisins við rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið samningsins er m.a. að efla almenningssamgöngur, draga úr umferðarkostnaði heimila og samfélagsins og stuðla að umhverfisvænum samgöngum.

Rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu er jafnframt hluti af samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2025 var þjónusta aukin í samræmi við markmið sáttmálans og jókst framlag ríkisins til reksturs Strætó bs. vegna þess.

29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið á viðskipti við eigendur sína og aðra tengda aðila. Viðskipti við tengda aðila fara fram á sambærilegum kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skýringar með ársreikningi

30. Lífeyrismál

Lífeyrisskuldbinding við Brú lífeyrissjóð

Á árinu 2024 voru gerðar breytingar á samþykktum A og V deilda Brúar lífeyrissjóðs í kjölfar tryggingafræðilegs mats, meðal annars vegna innleiðingar nýs reiknilíkans og uppgjors á lífslíkum landsmanna. Í framhaldi af því kom upp ágreiningur um afmörkun lífeyrisskuldbindingar, þar sem launagreiðslur og skilagreinar höfðu um tíma farið fram í gegnum Reykjavíkurborg. Því þurfti að fara yfir og afmarka hvaða skuldbindingar tilheyrðu Strætó.

Á árinu 2025 náðist samkomulag milli aðila um uppgjör málsins. Áhrif samkomulagsins á lífeyrisskuldbindingu félagsins nema um 17 m.kr. og teljast ekki veruleg í samanburði við heildarskuldbindingu félagsins.

Fyrirframgreiðsla vegna uppgjors við Brú

Í efnahagsreikningi er færð eign vegna fyrirframgreiðslu uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem gjaldfærð er samkvæmt bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 1212/2015. Gjaldfærsla eignarinnar fer fram í samræmi við upphaflega dreifingaráætlun.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á skipulagi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nýtt félag mun taka við starfsemi frá og með 1. janúar 2026, verður nýtingartími eignarinnar endurmetinn á árinu 2026 þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

31. Atburðir eftir reikningsskiladag

Á árinu 2025 var stofnað opinbert hlutafélag, Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf., í tengslum við samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að því að félagið taki við skipulagi og rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu frá og með árinu 2026.

Frá sama tíma mun hlutverk Strætó bs. breytast og félagið annast akstur samkvæmt samningum á meðan skipulagning og stefnumótun almenningssamgangna flyst til hins nýja félags.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing þessi er hluti af ársreikningi Strætó bs. fyrir árið 2025 og hefur verið staðfest af stjórn félagsins.

Strætó bs. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum ásamt lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2025 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfu frá 1. júlí 2021. Strætó bs. vikir þó að hluta frá leiðbeiningunum, einkum þar sem ákveðin efnistöð eiga ekki við um byggðasamlög.

Í samræmi við grein 2.9 leiðbeininganna hefur stjórn sett siðareglur sem gilda um störf stjórnar. Formleg heildstæð stefna um sjálfbærni hefur ekki verið skráð sérstaklega.

Að því er varðar fjölbreytileika og jafnrétti byggir félagið þó á gildandi jafnlaunastefnu, jafnréttisstefnu og mannauðsstefnu, sem eru birtar á heimasíðu félagsins og taka til jafnréttis, jafnræðis og mannauðsmála innan félagsins. Þessi sjónarmið eru jafnframt höfð að leiðarljósi við skipan og störf stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda.

Strætó bs. starfar í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, þar á meðal reglur Strætó bs. um fargjaldaálag sem staðfestar hafa verið af ráðherra, auk laga um opinber innkaup, persónuvernd, vinnuvernd og annarra laga og reglna sem um starfsemi gilda, svo og eigendastefnu félagsins.

Hlutverk Strætó er að veita hagkvæma, umhverfisvæna og aðgengilega samgönguþjónustu sem stuðlar að bættri samgöngustefnu sem styður markmið um sjálfbæra þróun samgangna, minnkun umferðarálags og lægri kolefnislosun.

Helstu hlutverk Strætó:

1. Rekstur almenningsamgangna – Skipuleggja og reka strætisvagnþjónustu fyrir íbúa og gesti á þjónustusvæði félagsins.
2. Samfélagsleg ábyrgð – Tryggja jafnt aðgengi að þjónustu Strætó og stuðla að öryggi farþega og starfsfólks.
3. Umhverfisvænar lausnir – Draga úr umhverfisáhrifum með orkuskiptum og notkun vistvænni orkugjafa, eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Nýsköpun og tækni – Innleiða stafrænar lausnir fyrir greiðslukerfi, leiðakerfi og aðgengi farþega.

Markmið Strætó bs. er að auka notkun almenningsamgangna og stuðla að sjálfbærum samgöngum með öruggri, aðgengilegri og áreiðanlegri þjónustu, skilvirkum rekstri og ábyrgri meðferð fjármuna.

Grundvöllur að stjórnarháttum Strætó er annars vegar samkvæmt forsendum sem koma fram í stofnskjölum byggðasamlagsins, þar á meðal stofnsamningi, viðauka við stofnsamning og eigendastefnu. Þessi skjöl setja ramma fyrir stjórnarvinnu, ákvarðanatöku og ábyrgð á öllum stigum rekstursins. Eigendastefna og viðaukar við stofnsamning tryggja að markmið, hlutverk og réttindi hagsmunaaðila séu skýr og samræmd, sem skapar grunn að áreiðanlegri stjórnun og sjálfbærri þróun byggðasamlagsins.

Stefnur og tilmæli, ásamt starfsreglum stjórnar, eru lykilatriði sem stuðla að skilvirku skipulagi og stýringu á áhættu í starfsemi. Þessar stefnur miða að því að:

- Skapa skýra ramma fyrir ákvarðanatöku og innleiðingu stefnu.
- Gera ráðningarferla og ráðningarátlanir aðgengilegar.
- Tryggja að stjórnun áhættu sé samþætt og stöðugt uppfærð.

Stefnur um áhættustýringu eru endurskoðaðar árlega og þegar þurfa þykir, til að þær endurspegli nýjustu þekkingu, bestu starfsvenjur og breytingar á ytri og innri aðstæðum. Innri verkferlar eru sömuleiðis veigamikill þáttur stjórnarháttanna og tryggja að allar aðgerðir séu framkvæmdar með nákvæmni, gagnsæi og ábyrgð. Með þessum ferlum er stefnt að því að áhætta sé greind, metin og meðhöndluð á skilvirkan hátt til að stuðla að stöðugleika og langtímaárangri Strætó.


Í heild sinni tryggir þetta samspil stofnskjala, stefna, tilmæla og innri verkferla að stjórnarhættir Strætó séu byggðir á fagmennsku, ábyrgð og stöðugleika.

Stjórnarhættir og stjórnskipulag

Stjórnarhættir Strætó bs. taka mið af gildandi lagaumhverfi og þeim reglum sem um starfsemi félagsins gilda, sbr. umfjöllun hér að framan.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga og fara eigendur með æðsta vald í málefnum félagsins samkvæmt stofnsamningi þess. Stjórn fer með yfirstjórn félagsins og ber ábyrgð á stefnumótun, eftirliti og því að starfsemin sé í samræmi við markmið og eigendastefnu. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar.

Gildandi stjórnskipulag fyrir Strætó:



Stjórn

Stjórn Strætó bs. fer með yfirumsjón byggðasamlagsins í samræmi við lög, reglur, stofnsamning og eigendastefnu félagsins. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun, eftirliti með starfsemi og því að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og gildandi lagaumhverfi.

Stjórnin samanstendur af sex fulltrúum, sem eru kosnir af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til tveggja ára í senn. Jafnframt eru kosnir sex varafulltrúar til jafnlangs tíma.

Formennska í stjórninni gengur milli fulltrúa aðildarsveitarfélaganna, þar sem hver fulltrúi gegnir embættinu í tvö ár í senn. Atkvæðavægi stjórnarmanna er endurskoðað árlega og byggist á íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna 1. desember næstliðins árs.

Stjórnarmenn og varafulltrúar skulu uppfylla hæfniskröfur sveitarstjórnarlaga og rækja störf sín af heilindum og ábyrgð. Viðmið um hagsmunaárekstra eru í gildi og ber stjórnarmönnum að upplýsa um mögulega hagsmuni og víkja frá afgreiðslu mála eftir því sem við á.

Stjórnarfundir eru haldnir að lágmarki mánaðarlega og oftast ef þörf krefur. Árið 2025 voru haldnir 18 fundir, og fundargerðir þeirra eru aðgengilegar á heimasíðu Strætó.

Stjórn Strætó bs. framkvæmir árlegt árangursmat á störfum sínum með það að markmiði að efla faglega stjórnarhætti og bæta vinnubrögð.

Starfandi er starfskjaranefnd sem hefur það hlutverk að yfirfara og móta stefnu félagsins um starfskjör framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna í samræmi við góða stjórnarhætti.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjóri Strætó bs. ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjórn starfar undir forystu framkvæmdastjóra og hefur það hlutverk að innleiða stefnu stjórnar, tryggja skilvirkan rekstur og fylgja eftir markmiðum félagsins.

Hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra eru skilgreind í starfsreglum sem taka mið af eigendastefnu og stefnumörkun félagsins.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á að setja fram markmið og mælikvarða sem styðja við árangursríkan rekstur, þar á meðal á sviði fjármála, þjónustu, umhverfismála, jafnréttismála og mannauðsmála. Jafnframt ber framkvæmdastjórn ábyrgð á innleiðingu áhættustýringar og eftirfylgni með innra eftirliti í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

Í framkvæmdastjórn Strætó bs. sitja framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og sviðsstjórar helstu starfssviða félagsins.

Framkvæmdastjóri Strætó bs. árið 2025 er Jóhannes Svavar Rúnarsson.

Stefnumörkun og starfsreglur

Strætó bs. hefur mótað skýra stefnumörkun og ítarlegar starfsreglur sem leggja grunn að faglegum og ábyrgum rekstri félagsins. Reglurnar taka til stjórnunarháttar, starfsháttar og stefnu félagsins í lykilmálum eins og rekstri, jafnrétti, umhverfismálum og persónuvernd. Markmið þeirra er að tryggja gagnsæi, skilvirkni og góða stjórnarhætti í starfsemi Strætó. Allar samþykktar stefnumótanir og starfsreglur eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Helstu stefnur eru:

- Fræðslustefna
- Innkaupastefna
- Áhættustefna
- Eigendastefna
- Jafnlaunastefna
- Jafnréttisstefna
- Mannauðsstefna
- Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreiti og ofbeldi
- Persónuverndarstefna
- Þjónustustefna
- Umhverfisstefna
- Öryggisstefna
- Upplýsingaöryggisstefna
- Viðverustefna

Innra eftirlit

Stjórnin ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlit stuðlar að öruggum og skilvirkum rekstri, dregur úr áhættu og kemur í veg fyrir mistök eða misferli. Það felur í sér eftirlit með starfsemi félagsins, greiningu á frávikum og eftirfylgni með því að starfshættir séu í samræmi við lög, reglur og stefnu félagsins. Við uppbyggingu á innra eftirliti hjá Strætó bs. er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlegur viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

Áhættustýring

Strætó bs. hefur innleitt heildstæða áhættustýringu sem felur í sér greiningu, mat og viðbrögð við helstu áhættuþáttum í starfsemi félagsins. Unnið er að formlegri áhættustefnu sem skilgreinir áhættuþol og áhættuvilja félagsins með það að markmiði að styrkja innra eftirlit, bæta viðbragðsáætlanir og auka traust hagsmunaaðila. Stefna þessi er endurskoðuð reglulega til að tryggja að hún taki mið af þróun í rekstri og umhverfi félagsins.

Virk áhættustýring byggir á því að greina helstu áhættuþætti, meta umfang þeirra, grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhrifum þeirra og fylgjast stöðugt með þróun og breytingum á áhættunni.

Áhættustýringarferlið hjá Strætó bs. felur í sér kerfisbundna greiningu á mögulegum áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Lögð er áhersla á að meta líkurnar á að slíkir þættir raungerist og hver áhrif þeirra gætu verið. Í framhaldi eru mótaðar aðgerðir til að draga úr eða stýra áhættunni, til dæmis með úrbótum á ferlum, tæknilausnum eða þjálfun starfsfólks. Reglulegt eftirlit og endurskoðun á þessum aðgerðum tryggir að þær séu skilvirkar og í samræmi við stefnu félagsins.

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á að innleiða og fylgja eftir áhættustýringunni, á meðan stjórnin hefur eftirlit með að kerfið sé virkt, skjalfest og reglulega yfirfarið. Með þessum hætti er stuðlað að því að áhættustýring auki öryggi og styrki rekstur Strætó bs. Meginmarkmið áhættustýringar hjá Strætó bs. er að greina, meta og stýra þeim áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Með því er unnið að því að auka öryggi, bæta rekstur og lágmarka neikvæð áhrif sem gætu haft áhrif á þjónustu, fjármál eða ímynd Strætó.

Strætó bs. hefur skilgreint áhættuþol og áhættuvilja og leggur áherslu á varfærna og ábyrga áhættustýringu. Áhættuþol vísar til þess hversu mikilli áhættu félagið getur staðið undir án þess að það hafi veruleg neikvæð áhrif á starfsemi, fjármál eða orðspor þess. Áhættuvilji lýsir hins vegar hversu mikla áhættu félagið er reiðubúið að taka til að ná markmiðum sínum. Strætó leitast við að lágmarka óvissu og tryggja öruggan og áreiðanlegan rekstur en er jafnframt tilbúið að taka ásættanlega áhættu ef hún styður við framþróun og umbætur í samræmi við stefnu félagsins og hagsmuni eigenda, notenda og samfélagsins.

Helstu áhættuþættir Strætó bs. tengjast rekstri, fjármálum og ytri aðstæðum sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Rekstraráhætta felst meðal annars í bilunum eða truflunum á þjónustu, mannauðsmálum og breytingum á eftirspurn. Fjárhagsleg áhætta varðar tekjustreymi, rekstrarkostnað og óvissu í opinberu fjármagni. Ytri áhættuþættir tengjast meðal annars breytingum á lögum og reglum, efnahagsaðstæðum, þróun samgöngukerfa og umhverfismálum.

Helstu áhættuþættir Strætó bs.:

- **Fjárhagsleg áhætta:** Breytingar á tekjum og gjöldum félagsins geta haft áhrif á fjárhagsstöðu þess. Þetta getur stafað af sveiflum í fargjaldatekjum, breytingum á opinberum framlögum eða óvæntum kostnaðarhækkunum.
- **Rekstrarleg áhætta:** Truflanir á daglegum rekstri, svo sem tæknilegir örðugleikar, bilanir í ökutækjum eða skortur á hæfu starfsfólki, geta haft áhrif á þjónustugæði og ánægju viðskiptavina.
- **Löggjafar- og reglugerðaráhætta:** Breytingar á lögum og reglugerðum er varða almenningssamgöngur, svo sem nýjar kröfur um öryggi, umhverfisstaðlar eða rekstrarskilyrði, geta kallað á aðlögun af hálfu félagsins.
- **Markaðsáhætta:** Breytingar á eftirspurn eftir þjónustu Strætó bs. geta stafað af breyttum ferðavenjum almennings, samkeppni frá öðrum samgöngumátum eða breytingum á íbúasamsetningu á þjónustusvæðinu.

- **Orku- og umhverfisáætta:** Hækkandi orkuverð eða takmarkað aðgengi að vistvænum orkugjöfum getur haft áhrif á rekstrarkostnað og getu Strætó bs. til að uppfylla umhverfismarkmið sín.

Stjórn og framkvæmdastjórn Strætó bs. fara árlega yfir heildstætt áhættumat félagsins. Yfirferðin er hluti af starfsáætlun stjórnar og felur í sér mat á helstu rekstrarlegum, fjárhagslegum og stefnumarkandi áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Áhættumat er jafnframt uppfært oftár ef verulegar breytingar verða á forsendum rekstrar eða ytra umhverfi.

Í ljósi fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á starfsemi Strætó bs. og þess að gert er ráð fyrir að félagið ljúki starfsemi innan þriggja ára hefur verið lögð sérstök áhersla á áhættugreiningu sem tengist stöðu vagnflota og mannauði félagsins.

Aldur vagnflotans og sú ákvörðun að ráðast ekki í nýjar fjárfestingar á tímabilinu eykur rekstraráhættu, sem getur haft áhrif á áreiðanleika þjónustu og öryggi. Þessi áhætta er metin sérstaklega og unnið að mótun viðbragðs- og rekstraráætlana með það að markmiði að tryggja öruggan, stöðugan og áreiðnaðan rekstur út tímabilið.

Óvissa vegna framtíðarskipulags hefur einnig áhrif á mannauð, bæði hjá vagnstjórum og í stoðdeildum svo sem verkstæði og öðrum lykilsviðum. Áhættumat tekur meðal annars til mögulegs þekkingartaps, mönnunar áskorana og áhrifa á þjónustugæði.

Öryggi farþega og starfsfólks er ávallt ófrávikjanlegt forgangsatríði í allri ákvarðanatöku og viðbragðsáætlunum félagsins. Með markvissri áhættustýringu leitast Strætó við að lágmarka áhrif óvissu á notendur, tryggja traust og stuðla að ábyrgum og faglegum rekstri á aðlögunartímabilinu.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Strætó bs. er sú sama og hjá stærsta eiganda félagsins, Reykjavíkurborg. Nefndin starfar grundvelli laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. IX. Kafli A laganna, samþykkt frá 10. júlí 2014.

Til að tryggja að nefndin sinni hlutverki sínu gagnvart Strætó bs. veitir félagið nefndinni reglulega upplýsingar um rekstur, fjárhagsstöðu, áhættustýringu og innra eftirlit. Stjórn félagsins er jafnframt í virku og reglubundnu samráði við nefndina um málefni þess og eru sérstök mál sem varða Strætó tekin til umfjöllunar á fundum hennar eftir því sem við á.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með reikningshaldi, fjárhagsupplýsingum og innra eftirliti félagsins. Hún fer yfir ársreikning og fjármálaupplýsingar til að tryggja að þær séu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Nefndin metur einnig skilvirkni áhættustýringar og innri stjórnunarkerfa með það að markmiði að efla traust og gagnsæi í starfsemi félagsins.

Nánari útfærsla á störfum endurskoðunarnefndar kemur fram í starfsreglum hennar, sem eru endurskoðaðar og uppfærðar árlega.

Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þar af þremur sem eru skipaðir af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum sem er tilnefndur af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, formaður, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Einar S. Hálfðánarson hrl. og löggiltur endurskoðandi (réttindi óvirk) og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun Strætó bs. er í höndum Söru Fannar Jóhannesdóttur hjá Deloitte samkvæmt samningi við félagið. Stjórn Strætó bs. velur og samþykkir innri endurskoðanda í samræmi við starfsreglur sínar.

Hlutverk innri endurskoðunar er að veita stjórn og stjórnendum óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf með það að markmiði að bæta starfsemi félagsins. Innri endurskoðun metur og rýnir virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhætti, í samræmi við góða stjórnarhætti og viðurkenndar starfsvenjur á sviði innri endurskoðunar.

Persónuvernd

Strætó bs. starfar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR), eftir því sem við á.

Félagið hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa í samræmi við lagaskyldu. Hlutverk persónuverndarfulltrúa er að:

- fylgjast með því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi lög og reglur,
- veita stjórn og starfsmönnum ráðgjöf og fræðslu um persónuverndarmál, og
- vera tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd sem eftirlitsaðila.

Á árinu 2025 gegndi Sigurður Már Eggertsson hlutverki persónuverndarfulltrúa.

Upplýsingaöryggi

Strætó bs. leggur ríka áherslu á upplýsingaöryggi sem órjúfanlegan hluta af áhættustýringu og innra eftirliti félagsins. Markmið félagsins er að tryggja vernd persónuupplýsinga, trúnaðarupplýsinga og rekstrarkerfa, auk þess að viðhalda samfellu í þjónustu og rekstri.

Strætó bs. hefur falið sérhæfðu öryggisfyrirtæki að sinna hlutverki upplýsingatækniöryggisstjóra (CISO) samkvæmt þjónustusamningi. Með þeirri ráðstöfun er tryggt að félagið hafi aðgang að sérfræðiþekkingu á sviði net- og upplýsingaöryggis, þar með talið við greiningu á ógnum, mati á áhættu og innleiðingu viðeigandi öryggisráðstafana.

Áhættumat upplýsingakerfa er endurskoðað reglulega og uppfært með hliðsjón af þróun ógna og bestu starfsvenjum á sviði upplýsingaöryggis. Niðurstöður áhættumats eru nýttar til að forgangsraða úrbótum og styrkja öryggisinnviði félagsins.

Ytri endurskoðun

Ytri endurskoðandi Strætó bs. er Bjarni Már Jóhannesson hjá Grant Thornton endurskoðun ehf., sem sinnir endurskoðun félagsins í samræmi við lög og viðurkennda endurskoðunarstaðla.

Hlutverk ytri endurskoðanda er að endurskoða ársreikning félagsins og láta í ljós óháða áritun um hvort hann gefi glögga mynd af afkomu, efnahag og sjóðstreymi félagsins í samræmi við viðeigandi reikningskilareglur.

Endurskoðandi starfar sjálfstætt og óháð félaginu í samræmi við lög og siðareglur endurskoðanda. Hann hefur regluleg samskipti við endurskoðunarnefnd og stjórn félagsins og gerir grein fyrir helstu niðurstöðum endurskoðunar sinnar, þar á meðal atriðum sem varða innra eftirlit og áhættumat eftir því sem við á.

Samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Strætó bs. leggur áherslu á ábyrgan og hagkvæman rekstur í samræmi við hlutverk sitt og stefnu eigenda. Félagið vinnur að því að tryggja samfellu í þjónustu og að lágmarka umhverfisáhrif starfsemi sinnar.

Áhersla er lögð á ábyrga meðferð eigna félagsins og viðhald vagnafloata þannig að tryggð sé örugg og skilvirk þjónusta. Endurnýjun og fjárfestingar eru metnar með hliðsjón af rekstrarhorfum og ákvörðunum eigenda um framtíðarfyrirkomulag almenningsgangna.

Félagið leitast við að hámarka nýtingu núverandi vagnflota og grípa til hagkvæmra lausna eftir þörfum til að tryggja órofið rekstraröryggi.

Grænt bókhald og umhverfisáhrif

Strætó bs. heldur áfram að fylgjast með umhverfisáhrifum rekstrar síns og skrá lykiltölur um eldsneytis- og orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda. Upplýsingarnar eru nýttar til að bæta rekstur og styðja við gagnsæja upplýsingagjöf til eigenda og hagsmunaaðila.

Siðareglur og ábyrg stjórnun

Strætó bs. starfar samkvæmt siðareglum sem tryggja heiðarleika, gagnsæi og fagmennsku í allri starfsemi félagsins. Stjórn og stjórnendur leggja áherslu á ábyrga stjórnarhætti og gæta þess að ákvarðanir um rekstur og eignastýringu séu teknar með hagsmuni eigenda og notenda að leiðarljósi.

Starfsmanna- og jafnréttismál

Strætó bs. leggur áherslu á faglegt og traust starfsumhverfi og markvissa mannauðsstjórnun í samræmi við hlutverk félagsins og stefnu eigenda.

Félagið er jafnlaunavottað af Versa vottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012, sem staðfestir að jafnlaunakerfi þess uppfyllir kröfur staðalsins. Þetta undirstrikar skuldbindingu félagsins til að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðlar að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Strætó starfar í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafnan rétt kynjanna og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og hefur sett sér jafnréttisstefnu sem tekur til launaákvæðana, starfsskilyrða og starfsþróunar.

Félagið leggur áherslu á fjölbreytileika og jafnræði og er með starfsfólk af fjölmörgum þjóðernum. Fræðsla og upplýsingagjöf eru aðgengileg á helstu tungumálum starfsmanna og boðið er upp á stuðning við íslenskunám.

Markviss þjálfunarátætlun er í gildi fyrir nýja starfsmenn með áherslu á öryggi, þjónustugæði og fagmennsku. Þjálfun er endurskoðuð reglulega til að tryggja að hún sé í samræmi við þarfir starfseminnar.

Ársfundur Strætó bs.

Ársfundur Strætó verður haldinn **fimmtudaginn 26. mars**. Fundurinn hefst kl. 15:00 og verður í safnaðarheimilinu Borgum, Kópavogi.

Dagskrá

Skýrsla stjórnar – Alexandra Briem, formaður stjórnar Strætó

Ársreikningur 2025 – Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála hjá Strætó

Sjálfbærni – Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó

Almennar fyrirspurnir

Léttar veitingar verða í boði.

Við hvetjum alla til að mæta á fundinn.